

Ljóslínur

Út

í birkiilm

eftir vetursetu

Ljósið í brjósti okkar

er júníbirta

Kitlið í maganum

kemur frá jörðinni

Hún er Parísarhjól

og við, í augnablikinu,

í augnhæð við fjöllin

Upp

og út

*

Kitlið í maganum

af því að hjörtu okkar eru ungiði

og sérhver hátíð er hátíð barnanna

Jibbí – ég meina það – jey!

Upp

í brekkur og út á torg

Við blöndum geði
í nýjum hlutföllum
Bara í sumar! Nýtt!

Blöndumst
við uppáhalds og ópolandi
annað fólk
Við
öll

*

Skóflum rjómaþólstrum
úr blámanum
bítum í vöfluhjarta með sultu

Það vex rabarbari í bakgarðinum – hann er vonin

Fyrstur upp á vorin
þegar nágranninn gefur okkur hnaus
Vonin er viðleitni

Von
er vinna

*

Þetta man fjallakelling
meðan allt liggur í dvala

Rótföst í hraunbreiðu

trú hennar

á okkur

Stolt, jú

af stórvirkjum

en mest af mildi

og mennsku

Þannig eru mömmur

Sérsvið þeirra

skjöldur og skjól

*

Hún man okkur máttvana

og mjúkhöfða

Hjálparlófi um litla hönd

meðan heilt þorp hélt undir

Gerði brjóst okkar þannig úr garði

að það rúmar

sólarhringssól

og sorgir heimsins

ef við leggjum þau

saman

Allar mömmur

eiga

öll börn

*

Út

Bröltum berfætt í móa,

vöðum læki, berjablá

Á sólstöðum

sigrar ekkert ljósið

Nóttin breiðir bleikt þel úr birtu

yfir brúnjörð og mójörð

og margvísa landsins mold

Við erum börn þegar við sofum

með mosa á milli tanna

Hjörtun ung og varnarlaus

opin

fyrir ljósi

Þórdís Helgadóttir, 2025